



SÖGUEYJAN



2. HEFTI



VERKEFNI



1. INNGANGUR – VERKEFNI

1. Hvaða tímabilaskipti urðu í sögu Evrópu um 1500? Hvað veldur tímabilaskiptum?

2. Hvaða breytingar urðu með endurreisninni?

3. Hvaða breytingar urðu með landafundunum?

4. Hvaða breytingar urðu með siðaskiptunum?



5. Hvar í heiminum komu breytingar nýaldar helst fram?

6. Við hvaða tímamót lýkur bókinni?



2. SIÐASKIPTIN – VERKEFNI

1. Hver var staða kapólsku kirkjunnar á Íslandi á fyrri hluta 16. aldar?

2. Hvernig hófust mótmæli Lúthers og hver voru viðbrögð kapólsku kirkjunnar?

3. Hvað gerðist eftir að ljóst varð að kapólska kirkjan ætlaði ekki að taka tillit til mótmæla Lúthers?

4. Hverjur vildu helst innleiða lútherskan sið á Íslandi og hverjur voru mest á móti því?



5. Af hverju ætli Jón Arason hafi barist gegn siðaskiptunum? Hvernig fór fyrir honum?

6. Hver var helsti munurinn á siðaskiptunum hér og annars staðar í Danaveldi?

7. Hvaða áherslubreyting varð hjá kirkjunni eftir að hún varð lúthersk?

8. Hvað einkenndi trúarlíf þjóðarinnar á 17. öld?

9. Hvar á landinu hafði galdrarfárið mest áhrif? Hversu margir voru brenndir á báli?



3. KONUNGSVALDIÐ STYRKIST – VERKEFNI

1. Hvaða þróun átti sér stað í Evrópu á 16. og 17. öld?

2. Af hverju var einokunarverslun komið á hérlandis?

3. Hvernig gekk verslunarreksturinn á Íslandi?

4. Hvernig fóru viðskiptin fram og hvað var helst verslað með?



5. Hvað er átt við með launverslun?

6. Af hverju varð Danmörk einvaldsríki?

7. Hvaða breytingar urðu á völdum manna með einveldinu? Hver var staða almennings?

8. Af hverju var erfitt að halda uppi sterku ríkisvaldi á Íslandi? Hverjir réðu mestu?

9. Hvaða augum litu dönsk stjórnvöld á Ísland?



4 MENNING OG MENNTUN – VERKEFNI

- Af hverju var aukin áhersla lögð á menntun?

- Segðu frá bókaútgáfu á Íslandi eftir að siðaskiptin voru gengin í garð.

- Af hverju höfðu Danir og Svíar sérstakan áhuga á íslenskum handritum?

- Hvað fóru Íslendingar að gera eftir að þeir urðu meðvitaðir um menningarlega sérstöðu sína?



5. Hvað varð um íslensku handritin? Hvar er þau að finna um þessar mundir?

6. Segðu frá Ludvig Harboe.

7. Af hverju læroðu flestir íslenskir menntamenn við Kaupmannahafnarháskóla?

8. Segðu frá vísindalegum rannsóknum á Íslandi á upplýsingaröld.

9. Hvernig var upplýsingunni tekið á Íslandi?



5. BÆNDASAMFÉLAGIÐ – VERKEFNI

1. Segðu frá því hvernig náttúruöflin gerðu mönnum oft erfitt fyrir á fyrri öldum.

2. Segðu frá íslensku þéttbýli á fyrstu öldum nýaldar.

3. Hvaða munur var á íslenskum og evrópskum sveitum?

4. Hvernig var staða bænda á Íslandi?



5. Segðu frá vistarbandinu. Hvaða áhrif hafði það?

6. Hverjir voru lausamenn og búðsetumenn? Af hverju var reynt að hafa þá sem fæsta?

7. Hverjir áttu að sinna fátækum?

8. Af hverju áttu landsmenn erfitt með að takast á við margvísleg áföll á fyrri öldum?

9. Hvernig var staða landsmanna á 18. öld? Hvernig brugðust Danir við?



6. REYKJAVÍK SEM HÖFUÐSTAÐUR – VERKEFNI

- Af hverju jókst þéttbýli í Evrópu á nýöld?

- Hvenær fór þéttbýli að myndast á Íslandi? Hvaða staðir voru mikilvægastir?

- Hvernig sáu Danir fyrir sér að styrkja ríkið á 18. öld og hvernig brugðust Íslendingar við?

- Hverjir voru helstu hvatamenn Innréttninganna og hverjir komu að stofnun þeirra?



5. Til hvaða aðgerða gripu dönsk stjórnvöld eftir hörmungar móðuharðindanna?

6. Hvað var gert til að efla Reykjavík sem höfuðstað landsins?

7. Hvaða breytingar urðu þegar Alþingi var lagt niður árið 1801?

8. Segðu frá því hvernig fólk fjölgæði í Reykjavík. Við hvað starfaði fólk sem þar bjó?



7. SJÁLFSTÆÐISBARÁTTAN – VERKEFNI

- Hvaða breytingar urðu í stjórnmálum í Evrópu á 19. öld?

- Hverju lofaði Jörgen Jørgensen Íslendingum? Hvernig brugðust landsmenn við?

- Segðu frá Rasmus Christian Rask. Hvernig tengdist hann Íslandi?

- Út á hvað gekk þjóðernisstefnan? Hvað er varhugaverðast við þá stefnu?



5. Hverjir voru Fjölnismenn og hvað einkenndi hugmyndir þeirra?

6. Segðu frá hugmyndum Jóns Sigurðssonar. Hvernig brugðust Danir við hugmyndum hans?

7. Af hverju var erfitt fyrir Dani að samþykkja kröfur Íslendinga?

8. Af hverju vildu íslenskir bændur ekki lúta valdi danskra stjórnámamanna?



9. Hvað kom fram í stjórnarskránni sem Íslendingar fengu frá Dönum árið 1874?

10. Að hvaða leyti voru skoðanir Jóns Sigurðssonar ólíkar skoðunum flestra annarra þingmanna?



8. EFNAHAGSFRELSI – VERKEFNI

1. Hvernig fór verslun yfirleitt fram á Íslandi?

2. Hvaða breytingar urðu á viðhorfum manna til verslunar í Evrópu á 19. öld?

3. Hvað versluðu íslendingar helst með á fyrri hluta 19. aldar?

4. Af hverju var óhagkvæmt að utanríkisviðskipti landsins færð um Danmörku?



5. Af hverju tók langan tíma fyrir Íslendinga að ná versluninni undir heimamenn?

6. Hvaða áhrif hafði sjálfstæðisbaráttan á hagsmunamál bænda?

7. Segðu frá Gránufélaginu.

8. Segðu frá upphafi kaupfélaganna.

9. Hvað eru heildsölur? Hvaða breytingar urðu á þeim um aldamótin 1900?



9. ENDALOK BÆNDASAMFÉLAGSINS – VERKEFNI

- Hvaða breytingar urðu í Evrópu á 19. öld? Hvernig tengdist Ísland þeim breytingum?

- Segðu frá ólíkum stjórnmálaviðhorfum landsmanna á síðasta hluta 19. aldar.

- Hvenær áttu vesturferðirnar sér stað og hvert fóru vesturfararnir?

- Hvað voru vesturfararnir kallaðir og hvernig gekk þeim að aðlagast nýjum heimkynnum?



5. Hvað þurfti til svo að þjóðinni gæti haldið áfram að fjölga?
Hvaða þróun leiddi til fólksfjölgunar?

6. Hvaða breytingar urðu í sjávarútvegi á þessum tíma?

7. Segðu frá þeirri samfélagsuppbyggingu sem varð á seinni hluta 19. aldar.

8. Segðu frá hugmyndum Valtýs Guðmundssonar.

9. Hvað vildu heimastjórnarmenn? Hvaða atburðir í Danmörku leiddu þá til valda?
